

Fundur Öldungadeildar L. Í. 6. febr. 2019, fundargerð

Fyrirlesari Dr. Gísli Pálsson prófessor emeritus, mannfræðingur

Formaður Kristófer Þorleifsson setti fund og minntist félagi sem látist hafa frá síðasta fundi, þeirra Matthíasar Kjeld rannsóknarlæknis er lést 16. janúar sl. 82 ára að aldri, Rannveigar Pálsdóttur húðsjúkdómalæknis, sem lést 16. janúar sl. 62 ára og Jóns L. Sigurðssonar röntgenlæknis sem lést 21. janúar 87 ára að aldri. Risu fundarmenn úr sætum í þeirra minningu.

Magnús Jóhannsson sem tekið hefur við ritstjórn síðu Öldungadeildar Læknablaðsins kallar eftir efni lækna til birtingar á síðunni því ekki sé ætlast til að hann skrifi allt sem þar birtist og hvetur eldri lækna til að senda sér efni.

Formaður minnti félagi á að greiða árgjald sitt til félagsins.

Kristófer kynnti síðan fyrirlesarann og starf hans innan HÍ. sem er þjóðfélagsfræði og mannfræði, en upp á síðkastið hafa umhverfismál orðið honum hugleikin og því áhugamáli tengt fjallar hann hér um endalok síðasta geirfuglsins, sem talið er að hafi verið drepinn í Geirfuglaskeri út af Reykjanesi í júní árið 1844. Hefur Gísli eignast afrit gagna um þessa síðustu veiðiför sem John nokkur Walley skrifaði. Vegna áhuga síns á örlögum geirfuglsins kom hann til Íslands árið 1858 ásamt félagi sínum Alfred Newton og dvaldi þá í Kirkjubogi í Höfnum. Munu fáir hafa séð þessi gögn, sem eru í sex bindum, 900 handskrifaðar síður. Ljósritið kostaði hann 500 þús. íkr. Í Íslandsför þessari ræddu þeir við alla 12 sem þá lifðu af áhöfn bátsins sem fór þessa síðustu ferð og gátu greint frá atburðum. Tveir skipverjanna voru þá látnir. Byggist frásögnin á viðtölum við þessa menn sem vel mundu atburði.

Ketill bóndi Vilhjálmsson í Kirkjubogi var formaður á bátnum og helsti heimildamaður skrásetjaranna um þessa veiðiför. Elti Ketill ásamt einum bátsverja, er Sigurður Ísleifsson hét, fuglana tvo og handsamaði(svo!). Annar sat á eggjum. Síðasti róður í Gleirfuglasker var farinn 1849. Er hugsanlegt að fyrrnefnd tala um tvo sé einhver samsláttu úr þessum tveim róðrum. Innyfli úr öðrum þessara fugla (karlfugli) eru varðveitt í safni í Kaupmannahöfn. Talið er engu að síður að geirfuglar hafi verið aldauða árið 1844.

Til eru 100 geirfuglshamir í heiminum og 80 egg. Alfred Walley sem var stórtækur eggjasafnari fugla veiktist skömmu eftir Íslandsförina og lést hálfu ári síðar. Eggjasafni hans var ánafnað til Camebridge háskóla og er þar varðveitt.

Jón Hjaltalín síðar landlæknir var með þessum mönnum, Walley og Newton, í för. Hugsast getur að hann hafi túlkað samræður við Íslendingana og spillir það varla trúverðugleika frásagnarinnar.

Franskir sjómenn við strendur Nýfundnalandis voru mjög stórtækir í geirfugladrápi, smöluðu þeim í réttir til slátrunar, en sem kunnugt er voru geirfuglarnir ófleygir. Höfðu sjómennirnir þá til matar á heimsiglingunni. Kjöt geirfuglsins þótti hið mesta lostæti að sögn.

Fram kom í svari við spurningu, að danskur greifi hafi eignast fuglinn sem til er hér á landi en var keyptur á uppboði af Finni Guðmundssyni fyrir Íslands hönd og kom hingað til lands árið 1971, sama ár og handritin komu heim.

Formaður afhenti fyrirlesara viðurkenningarskjal og bókgjöld að lokum og sleit síðan fundi. Fundarmenn voru 55 talsins.

Jóhannes M. Gunnarsson
fundarritari